



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun PFS nr. 21/2011
varðandi kostnaðargreiningu Símans hf. á heildsöluverðum fyrir
aðgang að almennu talsímaneti fyrir heimili og fyrirtæki

(markaðir 1-2)

Júní 2011

EFNISYFIRLIT

	Bls.
1 Inngangur.....	3
1.1 Kostnaðargreining Símans fyrir aðgang að talsímaneti.....	3
1.2 Ákvörðun PFS nr. 30/2008.....	3
2 Kostnaðargreining Símans vegna aðgangs að almennu talsímaneti	5
2.1 Upphafleg kostnaðargreining Símans.....	5
2.2 Endurskoðuð kostnaðargreining Símans	5
3 Niðurstaða PFS.....	10
3.1 Afstaða PFS - Inngangur	10
3.2 Afstaða PFS - Niðurstaða	11
Viðauki	16

1 Inngangur

1.1 Kostnaðargreining Símans fyrir aðgang að talsímaneti

Kostnaðargreining Símans fyrir aðgang að talsímaneti félagsins sem hér er til umfjöllunar byggir á þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 30/2008.

1.2 Ákvörðun PFS nr. 30/2008

PFS tók ákvörðun nr. 30/2008¹, dags. 5. desember 2008, að lokinni markaðsgreiningu á mörkuðum 1 - 6 þar sem Síminn var útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk á þessum mörkuðum og viðeigandi kvaðir lagðar á fyrirtækið.

Markaðir 1 - 6 eru:

- Smásöllumarkaður fyrir aðgang að almennu talsímaneti fyrir heimili (markaður 1)
- Smásöllumarkaður fyrir aðgang að almennu talsímaneti fyrir fyrirtæki (markaður 2)
- Smásöllumarkaður fyrir almenna innanlands talsímaþjónustu á fastaneti fyrir heimili (markaður 3)
- Smásöllumarkaður fyrir almenna millilanda talsímaþjónustu á fastaneti fyrir heimili (markaður 4)
- Smásöllumarkaður fyrir almenna innanlands talsímaþjónustu á fastaneti fyrir fyrirtæki (markaður 5)
- Smásöllumarkaður fyrir almenna millilanda talsímaþjónustu á fastaneti fyrir fyrirtæki (markaður 6)

PFS komst að þeirri niðurstöðu að Síminn væri með umtalsverðan markaðsstyrk á öllum sex mörkuðunum 1, 2, 3, 4, 5 og 6 og hefur útnefnt félagið með umtalsverðan markaðsstyrk á þeim. PFS lagði eftirfarandi heildsölu­kvaðir á Símann á mörkuðum 1 og 2:

- Kvöð um forval og fast forval
- Kvöð um aðgang að fastasímaneti og þjónustu á heildsölustigi. Síminn skal bjóða upp á lausn þar sem þjónustuveitendur með fast forval geta gert viðskiptavinum sínum einn heildstæðan reikning (e. single billing) fyrir bæði aðgengi og símnotkun. Hér gæti verið um að ræða heildarlausn á línuleigu eða aðra sambærilega lausn.
- Kvöð um jafnræði
- Kvöð um gagnsæi og birtingu viðmiðunartilboðs
- Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað
- Kvöð um eftirlit með gjaldskrá og kostnaðarbókhald

PFS lagði ekki smásölu­kvaðir á Símann á viðkomandi smásölu­mörkuðum (markaðir 3-6), þrátt fyrir að hafa útnefnt fyrirtækið með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi mörkuðum. PFS telur að almennt skuli leggja áherslu á að leysa samkeppnisvandamál á heildsölustigi, en skv. 2. mgr. 27. gr. fjarskiptalaga er PFS einungis heimilt að beita

¹ Sjá vefslóð: http://pfs.is/default.aspx?cat_id=272&module_id=210&element_id=2193

smásölu kvöðum í kjölfar markaðsgreiningar ef stofnunin telur að heildsölu kvaðir eða ráðstafanir varðandi forval eða fast forval muni ekki skila árangri við að efla virka samkeppni og tryggja hagsmuni notenda.

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga var lögð kvöð á Símann um eftirlit með gjaldskrá og um kostnaðarbókhald. Í ákvörðuninni segir jafnframt að Síminn skuli gera kostnaðarlíkan til útreikninga og kostnaðargreina gjaldskrá fyrir heildsöluaðgang að talsímanetinu (m.a. heildsölu á slíkum línnum og aðrar lausnir í tengslum við heildstæða reikningagerð) og fast forval. Síminn skal leggja kostnaðargreinda gjaldskrá ásamt lýsingu á kostnaðarbókhaldi fyrir stofnunina til samþykktar eigi síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun PFS tekur gildi. Í ákvörðuninni, og í Viðauka A með henni, koma fram nánari upplýsingar um framangreindar kvaðir.

2 Kostnaðargreining Símans vegna aðgangs að almennu talsímaneti

2.1 Upphafleg kostnaðargreining Símans

Síminn lagði fram kostnaðargreiningu þann 3. september 2009, fyrir aðgang að almennu talsímaneti fyrir heimili og fyrirtæki. Kostnaðargreiningin var lögð fram í samræmi við kvaðir um eftirlit með gjaldskrá og kostnaðarbókhald sem lagðar voru á Símann með ákvörðun PFS nr. 30/2008. Greining Símans byggði á aðferðarfræði Analysys Mason (AM) við kostnaðargreiningu á heildsöluverðum Símans fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í föstu almennu talsímaneti (mörkuðum 8-10).

Eftirfarandi kom fram hjá Símanum:

„Kostnaðargreiningin byggir á sömu á aðferðum og Analysys Mason hefur þegar notað við greiningu á markaði 8-9-10. Til grundvallar í þessari greiningu eru notaðar kostnaðartölur fyrir aðgangsstigið úr greiningu á markaði 8-9-10 og er það gert til að tryggja samræmi í útreikningum.“

Líkanið er „Top-Down“ líkan og er byggt á tölum úr bókhaldi Símans fyrir árið 2008. Kostnaðartölur koma úr bókhaldskerfi Símans, bæði tölur er varða rekstrarkostnað frá skilgreindum kostnaðarstöðvum og fjárfestingarhlutann. Rekstarkostnaður felur í sér gjöld vegna tengigrinda (MDF), húsnæðis og vinnukostnað. Fjárfestingarkostnaður er vegna RSS útstiga Símans, þ.e. línukort, skápar og kaplar. Afskriftaraðferð sem lögð er til grundvallar er sú sama og er notuð í kostnaðargreiningu fyrir markað 8-9-10 þ.e. „standard tilted annuity depreciation“. Líkanið inniheldur sanngjarna arðsemiskröfu en skilgreint nominal WACC er [...] ².

Líknaði gefur niðurstöður um kostnaðarverð fyrir aðgang að PSTN, ISDN (BRI) og ISDN (PRI) tengingum Símans.“

Niðurstaða greiningar Símans var eftirfarandi:

[...]

2.2 Endurskoðuð kostnaðargreining Símans

Síminn sendi inn endurskoðaða kostnaðargreiningu, dags. 6. maí 2011, og kom eftirfarandi fram í greiningu Símans:

"Forsendur fyrri greiningar

Í september 2009 lagði Síminn hf. (hér eftir Síminn) fram kostnaðargreiningu til Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) á heildsöluverðum fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í talsímaneti sínu. Greiningin var unnin af ráðgjafafyrirtækinu Analysys Mason (AM) fyrir

² Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að aftan.

Símann. Kostnaðargreiningin byggði á sögulegum kostnaði og var miðað við raunkostnað ársins 2008. Greiningin byggði á fjölmörgum forsendum sem eðlilega hafa mismikil áhrif á endanlega niðurstöðu kostnaðargreiningarinnar.

Samhliða þeirri greiningur var einnig lögð fram kostnaðargreining á mörkuðum 1-2 og var hún unnin í kjölfar greiningar á mörkuðum 8-10 þar sem bæði fjárfesting og rekstrarkostnaður sem fellur undir markaði 1-2 er aðgreindur út úr rekstri á mörkuðum 8-10.

Í kjölfar grunnyfirferðar PFS og viðræðna milli Símans og PFS var ákveðið að Síminn myndi senda PFS endurskoðaða greiningu á ofangreindum mörkuðum. Greiningin tekur mið af þeim vinnuáðferðum sem þróast hafa milli aðila í undangengnum kostnaðargreiningum.

Samhliða þessari greiningu sendir Síminn PFS endurskoðaða greiningu á mörkuðum 8-10 og gilda sömu forsendur og breytingar sem gerðar eru þar um þessa greiningu eftir því sem við á.

Helstu breytingar á forsendum frá fyrri greiningu

Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC)

Kostnaðargreining miðast við að meðalkostnaður fjármagns fyrir Símann árið 2008 sé 8,61% sem er í samræmi við úrskurð PFS í fyrri kostnaðargreiningum.

Fjárfestingar

Ein af meginforsendum við mat á kostnaðargrunni talsímaþjónustunnar er mat á undirliggjandi fjárfestingum. Fjárfestingar í talsímaneti eru margar komnar til ára sinna en eru þrátt fyrir það enn í notkun og því hluti af því kerfi sem notað er til að veita þjónustuna. Mjög erfitt reyndist því að nálgast sögulegt kostnaðarverð á þeim fjárfestingum sem eru grunnur að núverandi talsímakerfi.

Til að meta fjárbindingu í talsímkerfinu var því reynt að nálgast sviptivirði fjárfestinganna út frá endurstofnverði. Metið er hvert endurstofnverð sambærilegs kerfis yrði miðað við núverandi verðlag og aðstæður. Gert er ráð fyrir núverandi uppbyggingu og fjölda staða s.s. varðandi símsstöðvar og útstig. Notuð er sambærileg skipting niður á eignaflokka og gert var í fyrri greiningu þannig að auðveldlega megi færa niðurstöðu úr útreikningum inn í líkan sem AM vann fyrir Símann og PFS hefur aðgang að.

Niðurstaðan er notuð til að reikna árgreiðslu miðað við áætlaðan líftíma eignanna og veginn meðalkostnað fjármagns (WACC). Þannig er fengin árgreiðsla fjárfestinga sem ásamt rekstrarkostnaði myndar grunn að verðskrá fyrir talsímaþjónustu á ofangreindum mörkuðum.

Endurstofnverði er jafnframt skipt niður á markaði 1-2 (aðgangur að almennum talsímaneti) annarsvegar og markaði 8-10 (heildsölumarkaðir fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í föstum almennum talsímanetum) hinsvegar með sömu forsendum og gert var í fyrri greiningu.

Endurstofnverð (sviptivirði)

Reynt var að nálgast með sem nákvæmstum hætti endurstofnverð fyrir hvern og einn eignaflokk. Stuðst var við raunkostnað á nýlegum fjárfestingum, verðskrár frá birgjum og mat

starfsmanna heildsölu Símans. Einnig var upphaflegt bókfært verð sem og listi yfir tryggingaverðmæti eigna í talsímakefinu haft til hliðsjónar við matið³.

Fjárfestingu sem viðkemur útstigum (RSS) og sírstöðum (Local exchange) er skipt niður á markaði 1 og 2 annarsvegar og 8-10 hinsvegar. Notuð eru sömu hlutföll við skiptingu og í greiningu sem AM vann fyrir Símann og send var PFS. Niðurstaðan þar var að þessi fjárfesting skiptist þannig að [...]% tilheyrðu mörkuðum 1 og 2 en [...]% tilheyrðu mörkuðum 8-10.

[...]

Miðað við ofnagrent er áætlað endurstofnverð fjárfestinga á mörkuðum 1 og 2 samtals [...] m.kr. og árgreiðsla [...] m.kr.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður ásamt álagi vegna veltufjársbindingar er óbreyttur frá fyrri greiningu samtals [...] m.kr.

Magntölur

Árgreiðslu fjárfestinga og rekstrarkostnaði ársins er deilt niður á tekjuskapandi einingar. Miðað er við fjölda porta sem eru í notkun og þeim breytt yfir í leiguígildi fyrir POTS aðgang með því að gera ráð fyrir ákveðnum álagsstuðli fyrir ISDN aðgang⁴. Þannig voru [...] port í notkun 30. júní 2010 eða [...] port umreiknað ígildi POTS porta. Fjöldi porta í notkun hefur farið fækkandi á undanförunum misserum samhliða minnkandi notkun á talsímakerfinu.

Stór hluti af rekstrarkostnaði sem tilheyrir umræddum markaði mun ekki lækka í hlutfalli við fækkandi port í notkun. Ástæða þess er að grunnkostnaður, s.s. rafmagn og aðgangur að tengigrind Mílu er óbreyttur þrátt fyrir að nýting á hverju korti í tengigrindinni minnki. Til þess að ná fram hagræðingu í réttu hlutfalli við þá fækkun sem verður á portum þá þyrfti að leggja út í verulegan kostnað við að færa til viðskiptavini þannig að þétting yrði í kerfinu samhliða minni nýtingu. Þannig myndi verða til mikill rekstrarkostnaður við að ná fram hagræðingu í öðrum kostnaðarliðum. Þess í stað er reynt að þétta kerfið jafnt og þétt samhliða öðrum breytingum á kerfinu og ná þannig fram meiri hagræðingu til lengri tíma litið.

Það er því ljóst að ef ný verðskrá tekur mið af fjölda porta eins og þau voru í lok árs 2008 þá mun Síminn ekki fá nægilegar tekjur samkvæmt nýrri verðskrá til að standa undir rekstrarkostnaði og endurfjárfestingu sem nauðsynleg er. Síminn óskar því eftir að PFS samþykki að notaðar verði magntölur eins og þær voru um mitt ár 2010 við ákvörðun á nýrri verðskrá.

³ [...].

⁴ POTS aðgangur er með stuðulinn 1, ISDN grunn tenging stuðulinn [...] og ISDN stofntenging stuðulinn [...].

Nýir þjónustupættir

Í viðmiðunartilboði sem Síminn lagði fram síðastliðið haust var tilgreint að innvöl væru ekki hluti af viðmiðunartilboðinu. Nú hafa komið fram óskir um frekari útfærslu á FFER þjónustunni og því nauðsynlegt að búa til ný heildsöluverð fyrir þessa nýju þjónustupætti. Forsendur verðlagningar á nýjum þjónustupáttum eru byggðar á kostnaðargreindum verðum, en þó þar sem því var ekki viðkomið er byggt á smásölu mínus aðferð með stuðlinum 20%. Verðlagning byggir á kostnaði frá Mílu auk álags vegna umsýslu og vinnu tæknimanna Símans. Verð á vinnu tæknimanna er skv. verðskrá fyrir vinnu og þjónustu hjá Símanum og taxa (verðflokk) viðkomandi starfsmanna sem að verkinu koma.

Niðurstaða á mörkuðum 1 og 2

Miðað við ofangreindar forsendur verður ný verðskrá Símans fyrir aðgang að almennu talsímaneti fyrir heimili og fyrirtæki sem hér segir.⁵

Aðgangleið	Núverandi verð	Nýtt verð	Breyting
POTS (per port í stöð)	219 kr.	227 kr.	3,6%
ISDN grunntenging	395 kr.	408 kr.	3,4%
ISDN stofntenging 30 rásir	3.920 kr.	3.402 kr.	-13,2%

Mánaðargjald fyrir aðgang að símsstöð fyrir FFER skv. töflu 4.4 í viðmiðunartilboði verður því:

Aðgangleið - tegund þjónustu	Samtals heildsöluverð
POTS (per port í stöð)	1.331 kr.
ISDN grunntenging	1.512 kr.

Mánaðargjald fyrir nýja þjónustupætti, viðbót við kafla 4.4 í viðmiðunartilboði.

Innvöl og stofntengingar	Heildsöluverð
Mánaðargjald stofntenging ISDN (30rásir) Innan símsstöðvar	7.967 kr.
Mánaðargjald stofntenging ISDN (30rásir) Milli símsstöðvar	17.984 kr.
Mánaðargjald stofntenging ISDN (30rásir) Milli símsstöðvar km	359 kr.
Önnur þjónustugjöld - mánaðarverð	Heildsöluverð
Beint innval - númerasería	31 kr.
FFER - aukánúmer	66 kr.
Sundurliðun pr. númer	663 kr.

⁵ Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar á dekknum svæðum.

Stofngjald (einskiptis gjald) fyrir nýja þjónustuþætti, viðbót við kafla 4.6 í viðmiðunartilboði.

Innvöl og stofntengingar		Heildsöluverð	
Stofngjald Stofntenging ISDN		81.533 kr.	
Stofngjald BI 100 númer		13.387 kr.	
Stofngjald BI 10 númer		3.682 kr.	
Stofnverð PBX		4.061 kr.	
Stofnverð fyrir hverja línu í PBX		508 kr.	
Önnur þjónustugjöld		Heildsöluverð	
Viðtökugjald númeraseríu		6.627 kr.	
Viðtökugjald talsíma umframnr.		167 kr.	
Stofngjald sundurgreining notkunar á Innvali		5.958 kr.	

“

3 Niðurstaða PFS

3.1 Afstaða PFS - Inngangur

Í kostnaðargreiningu Símans eru til umfjöllunar heildsöluverð fyrir aðgang að talsímaneti Símans, sem byggð eru á sögulegum kostnaði í samræmi við kvöð um eftirlit með gjaldskrá félagsins. Þegar gjaldskrá styðst við sögulegan kostnað hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að gjaldskrá miðist við kostnað á viðkomandi fjarskiptafyrirtæki.

Um er að ræða heildsöluverð fyrir aðgang að POTS eða ISDN tengingum á mörkuðum 1 og 2. PFS hefur áður tekið ákvörðun nr. 19/2011 er varðar m.a. aðgang fjarskiptafyrirtækja að talsímalínnum hjá Símanum á heildsölustigi í formi eins heildstæðs reiknings vegna fasts forsvals fyrir bæði aðgangstengingu að almenna talsímanetinu og símnotkun.

Í ákvörðunum PFS nr. 30/2008 (markaðir 1-6) kom fram að gjaldskrá fyrir aðgang að talsímaneti sem tilheyrði viðkomandi mörkuðum muni fyrst um sinn byggjast á kostnaðarlíkani sem heimfærir sögulegan kostnað á einstaka þætti starfseminnar þar sem kostnaður og tekjur verða til að teknu tilliti til sambærilegar þjónustu sem telst rekin á hagkvæman hátt. PFS myndi jafnframt meta út frá niðurstöðu kostnaðargreiningar hverju sinni og viðmiðun við verð í öðrum EES-ríkjum hvort hentugra sé að styðjast við kostnaðarlíkan í samræmi við LRIC⁶ aðferðina frekar en að byggja á sögulegum kostnaði við ákvörðun gjaldskrár.

PFS bendir á að sönnunarbyrðin fyrir því að gjaldskrá miðist við kostnað ásamt hæfilegum hagnaði hvílir á Símanum í samræmi við 2. mgr. 32. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og því verður krafa fyrirtækisins að grundvallast á ígrundaðri umfjöllun þar sem allir þættir eru teknir til greina. Í því sambandi lagði PFS kvöð á Símann um kostnaðarbókhald og skyldi Síminn afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi upphaf, lúkningu og flutning símtala í fastaneti og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði.

Við val á aðferð til ákvörðunar gjaldskrár telur PFS rétt að leggja áherslu á að aðferðin gefi kost á niðurstöðu sem er sanngjörn fyrir neytendur og á sama tíma í takt við kostnað hagkvæms rekens talsímanets. Þær leiðir sem helst koma hér til greina eru að nota aðferð sem byggir á sögulegum kostnaði Símans samkvæmt fyrirbyggjandi kostnaðargreiningu eða byggja á verðsamanburði við gjaldskrár í EES-ríkjum.

Í 32. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 segir að PFS geti krafist þess að útreikningar á kostnaði taki mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem er hagkvæmilega rekin, tekið mið af gjaldskrá á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

PFS byggir aðferðarfræði sína við yfirferðina á 32. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, reglugerð nr. 564/2011⁷, ERG Common Position⁸ og Commission Recommendation

⁶ Langtíma viðbótarkostnaður.

⁷ Reglugerð um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja.

(2005/698/EC)⁹, IRG Regulatory Accounting¹⁰ og tilmæli framkvæmdastjórnar ESB varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum.¹¹ Styðst stofnunin einnig við úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, viðurkenndar upplýsingaveitur eins og Bloomberg, Ibbotson og Cullen International, auk mats innlendra ráðgjafa og upplýsinga frá fjarskiptafélögum. Loks hefur PFS niðurstöður einstakra systurstofnana í Evrópu í kostnaðargreiningu talsímaneta til hliðsjónar.

Kostnaðargreining Símans fyrir leigu á talsímalínunum á heildsölustigi byggir á kostnaðargreiningu Símans fyrir heildsöluverð fyrir upphaf, lúkningu og umflutning í talsímaneti Símans. PFS hefur yfirfarið framangreinda kostnaðargreiningu sem lauk með ákvörðun stofnunarinnar nr. 15/2011. Í ákvörðuninni koma fram forsendur og afstaða PFS varðandi helstu þætti sem stofnunin leggur til grundvallar við mat á kostnaðargreiningu Símans, s.s.:

- Fjárfestingar
- Rekstrarkostnaður
- Aðferðarfræði við heimfærslu kostnaðar
- Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC)
- Veltufjárbinding
- Verðsamanburður (*benchmark*)

PFS byggir fyrirhugaða ákvörðun sína á endurskoðaðri kostnaðargreiningu Símans sem fyrirtækið lagði fram þann 6. maí 2011. PFS vísar að öðru leyti til umfjöllunar um aðferðarfræði og önnur atriði í ákvörðun stofnunarinnar nr. 15/2011. Sjá einnig ákvörðun nr. 19/2011 um viðmiðunartilboð á mörkuðum 1-2 og kostnaðargreiningu vegna fast forval einn reikningur.

Upphæðir eru án virðisaukaskatts ef annað er ekki tekið fram.

3.2 Afstaða PFS - Niðurstaða

Upphafleg kostnaðargreining Símans

Síminn lagði fram upphaflega kostnaðargreiningu í september 2009. Kostnaðargreiningin byggði á sömu á aðferðum og AM notaði við greiningu á markaði 8-10. Líkanið byggði á tölum úr bókhaldi Símans fyrir árið 2008, bæði hvað varðar rekstrarkostnað og fjárfestingu í búnaði. Niðurstaða Símans var að gjöld fyrir aðgang að POTS og ISDN (BRI) tengingum Símans skyldu hækka um [...] % og fyrir ISDN (PRI) um [...] %.

⁸ ERG Common Position – Guidelines for implementing the Commission Recommendation C (2005) 3480 on Accounting Separation & Cost Accounting Systems under the regulatory framework for electronic communications - ERG (05) 29. ERG's Common Position on symmetry of fixed call termination rates and symmetry of mobile call termination rates ((ERG (07) 83 final 080312).

⁹ COMMISSION RECOMMENDATION of 19 September 2005 on accounting separation and cost accounting systems under the regulatory framework for electronic communications (2005/698/EC).

¹⁰ IRG Principles of Implementation and Best Practice for WACC calculation – February 2007.

¹¹ COMMISSION RECOMMENDATION of 7.5.2009 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EU.

Endurskoðuð kostnaðargreining Símans

Síminn lagði fram í maí sl. endurskoðaða kostnaðargreiningu í framhaldi af viðræðum aðila og boðunarbréfi PFS um fyrirhugaða ákvörðun á mörkuðum 8-10.

Í endurskoðaðri kostnaðargreiningu Símans var lagt mat á sviptivirði fjárfestinga í talsímaneti félagsins út frá endurstofnverði miðað við núverandi verðlag og aðstæður í stað þess að nota sögulegan kostnað úr bókhaldi félagsins. Metið var hvert endurstofnverð sambærilegs kerfis yrði miðað við núverandi uppbyggingu og fjölda staða, s.s. varðandi símsstöðvar og útstig.

Við útreikning á árgreiðslu fjárfestinga er reiknað með [...] ára líftíma og vegnum meðalkostnaði fjármagns 8,61%.

Fjárfestingu sem viðkemur útstigum og símsstöðum er skipt niður á markaði 1 og 2 annars vegar og 8-10 hins vegar. Notuð eru sömu hlutföll við skiptingu og í greiningu sem AM vann fyrir Símann og send var PFS í september 2009. Niðurstaðan þar var að þessi fjárfesting skiptist þannig að [...]% tilheyrðu mörkuðum 1 og 2 en [...]% tilheyrðu mörkuðum 8-10.

Niðurstaða Símans er að endurstofnverð fjárfestinga á mörkuðum 1 og 2 er metið [...] millj. kr. og árgreiðsla [...] millj. kr.

Rekstrarkostnaður er metinn [...] millj. kr. á ársgrundvelli miðað við sögulegan kostnað ársins 2008, en hann samanstendur af húsaleigu ásamt rafmagnskostnaði [...], leigu fyrir aðgang að tengigrindum Mílu [...] og viðhaldsvinnu [...]. Rekstrarkostnaður er því að uppistöðu fastur kostnaður. Til viðbótar er metinn kostnaður við fjárbindingu í veltufjármunum um [...] millj. kr. á ári.

Metinn árlegur kostnaður vegna aðgangs að talsímaneti Símans er alls [...] millj. kr., þar af eru um [...]% vegna fjárfestinga og um [...]% í leigu húsnæði og tengigrindum. Árlegum kostnaði er deilt niður á allar tekjuskapandi einingar. Síminn miðar við fjölda porta sem eru í notkun og þeim breytt yfir í leiguígildi fyrir POTS aðgang með því að gera ráð fyrir ákveðnum álagsstuðli fyrir ISDN aðgang, þar sem POTS aðgangur er með stuðulinn 1, ISDN grunntenging stuðulinn [...] og ISDN stofntenging stuðulinn [...]. Síminn miðar við stöðuna eins og hún var þann 30. júní 2010 en þá voru alls um [...] þús. port í notkun eða um [...] þús. port umreiknað ígildi POTS porta.

Samantekt á útreikningi á verði leiguígildis

[...]

Niðurstaða Símans um aðgangsverð felur í sér eftirfarandi breytingar á verðum fyrir aðgang að almennu talsímaneti Símans fyrir heimili og fyrirtæki.

Heildsöluverð Símans fyrir aðgang að porti í símsstöð - verð á mánuði

Aðgangsléið	Nýtt verð	Núverandi verð	Breyting
POTS (per port í stöð)	227 kr.	219 kr.	3,6%
ISDN grunntenging	408 kr.	395 kr.	3,4%
ISDN stofntenging 30 rásir	3.402 kr.	3.920 kr.	-13,2%

Portagjald fyrir POTS og ISDN hækkar um 3,4-3,6%, en fyrir ISDN lækkar stofntenging (30 rásir) um 13%.

Fast forval einn heilstæður reikningur (FFER)

Síminn reiknar út verð fyrir aðgang að símsstöð fyrir fast forval einn heilstæður reikningur (FFER) þar sem tekið hefur verið tillit til leigu á neðra tíðnisviði heimtaugar frá Mílu auk álagningar. Auk hækkunar portaverðs hækkar aðgangsverðið einnig vegna hækkunar Mílu á heimtaugum um rúmlega 6,6% á árunum 2009-2010, sem Síminn hafði ekki tekið tillit til í núverandi verðskrá. Hækkun á aðgangi að talsímalínu er því um 6% frá núverandi verði og eru verðin eftirfarandi.

Heildsöluverð fyrir aðgang að símsstöð (FFER) – verð á mánuði

[...]

Niðurstaða PFS

Síminn hefur í greiningu sinni tekið tillit til sjónarmiða PFS sem fram komu í boðunarbréfi stofnunarinnar vegna fyrirhugaðar ákvörðunar stofnunarinnar í kjölfar yfirferðar á upphaflegu kostnaðargreiningu félagsins á heildsöluverðum fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í föstu almennu talsímaneti (mörkuðum 8-10).

Árlegur kostnaður fyrir aðgang að talsímaneti félagsins hefur að stærstum hluta verið endurmetinn miðað við núverandi forsendur og verðlag, þó að enn sé að hluta miðað við kostnað ársins 2008. PFS telur eðlilegt í þessu samhengi að miða við fjölda aðgangslína í notkun á miðju ári 2010, en með því er tekið tillit til framangreindar endurskoðunar og þess að fjöldi porta í notkun hefur farið fækkandi á undanförunum árum samhliða minnkandi notkun á talsímaneti Símans.

Að öllu framangreindu virtu samþykkir PFS að endurskoðuð kostnaðargreining Símans verði lögð til grundvallar við ákvörðun á heildsöluverðum fyrir aðgang að talsímaneti félagsins.

Jafnframt samþykkir PFS að vegna nýrra þjónustupátta þar sem ekki er hægt að byggja á kostnaðargreindum verðum, s.s. beint innval, aukánúmer, sundurliðun á númer, verði beitt



smásölu mínus aðferð og miðað við stuðulinn -20%. PFS telur að ef horft er til þess munar á kostnaði sem er á milli heildsölu og smásölu, m.a. vegna sölu-, húsnæðis-, skrifstofu- og launakostnaðar, geti stofnunin tekið undir að framangreint viðmið sé hæfilegt í þessu sambandi. PFS styðst einnig við fordæmi um viðmið í smásölu mínus¹² og [...] á aðgangslínur, sem stofnunin hefur áður samþykkt.

¹² Sjá m.a. ákvörðun PFS, dags. 5. febrúar 2007, um aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (markaður 15) vegna endursölu á GSM þjónustu (-25%) og NMT þjónustu (-20%).

ÁKVÖRÐUNARORÐ

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir endurskoðaða kostnaðargreiningu Símans hf., dags. 6. maí 2011, á heildsölumörkuðum fyrir aðgang að talsímaneti félagsins. Einingarverð skulu vera eins fram kemur í viðauka við ákvörðun þessa.

Hin nýja heildsöluverðskrá Símans hf. skal ekki taka gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. september 2011, enda tilkynni félagið um verðskrárbreytinguna með a.m.k. 60 daga skriflegum fyrirvara, sbr. 4. kafla viðmiðunartilboðs félagsins um samtengingu talsímaneta, dags. 12. september 2010.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 22. júní 2011.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri.

Óskar Þórðarson.

Viðauki

við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 21/2011

Eftirfarandi einingarverð skulu koma fram í Viðauka 1a (verðskrá) í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta. Öll verð eru án virðisaukaskatts.

Verð fyrir aðgang að sírstöð fyrir FFER í fastaneti í kafla 4.4 verða eftirfarandi:

Fast forval – einn heilstæður reikningur (FFER)

Tegund þjónustu	Mánaðargjöld
Aðgangur að sírstöð - POTS (pr. port í stöð) og neðra tíðnisviði heimtaugar	1.331 kr./mán.
Aðgangur að sírstöð - ISDN grunntenging (pr. port í stöð) og neðra tíðnisviði heimtaugar	1.512 kr./mán.

Verð fyrir nýja þjónustuþætti, viðbót við kafla 4.4:

Innvöl og stofntengingar

Tegund þjónustu	Mánaðargjöld
Stofntenging ISDN (30 rásir) – Innan sírstöðvar	7.967 kr./mán.
Stofntenging ISDN (30 rásir) – Milli sírstöðva	17.984 kr./mán.
Stofntenging ISDN (30 rásir) – Milli sírstöðva, km.	359 kr./mán.

Önnur þjónustugjöld

Tegund þjónustu	Mánaðargjöld
Beint innval – númerasería	31 kr./mán.
FFER - aukánúmer	66 kr./mán.
Sundurliðun pr. númer	663 kr./mán.

Verð fyrir nýja þjónustuþætti, viðbót við kafla 4.6:

Innvöl og stofntengingar

Tegund þjónustu	Stofngjöld
Stofntenging ISDN	81.533 kr.
BI 100 númer	13.387 kr.
BI 10 númer	3.682 kr.
Stofnverð PBX	4.061 kr.
Stofnverð fyrir hverja línu í PBX	508 kr.

Önnur þjónustugjöld

Tegund þjónustu	Stofngjöld
Viðtökugjald númeraseríu	6.627 kr.
Viðtökugjald talsíma, umframnr.	167 kr.
Sundurgreining notkunar á innvali	5.958 kr.